

36. fundur

Hafnarnefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 18. júní 2003 kl.20.00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Símon Már Sturluson formaður
Valdimar Kúld Björnsson
Guðbrandur Björgvinsson
Björgvin Guðmundsson
Kristinn Ó. Jónsson
Óli Jón Gunnarsson, hafnarstjóri
Konráð Ragnarsson, hafnarvörður

Formaður setti fund og stjórnaði honum. Hafnarstjóri ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur Stykkishólmshafnar.
Hafnarstjóri fór yfir ársreikninginn og gerði hafnarnefnd grein fyrir niðurstöðutölum ársreiknings Stykkishólmshafnar 2002.
2. Bláfáninn.
Formaður gerði grein fyrir vinnu við að afla Stykkishólmshöfn umhverfisviðurkenningar með "Bláfánanum".
Bláfáninn var dreginn að hún 13. júní s.l. að viðstöddum samgönguráðherra, formanni Landverndar og fjölda gesta.
Ákveðið að setja upplýsingar um Bláfánann inn á heimasíðu Stykkishólms.
3. Fundargerðir.
Formaður lagði fram fundargerðir 263. og 264. funda stjórnar hafnasambands sveitarfélaga.
4. Gjaldskrármál.
Formaður gerði grein fyrir nýrri gjaldskrá nr. 398/2003 fyrir hafnir og kynningarfundir sem hann sat um nýju hafnalögin.
Formanni og hafnarstjóra falið að gera tillögu að gjaldskrá til bæjarstjórnar með vísan til 4. fl., 12. gr. áðurgreindrar rgl.
Hafnarnefnd leggur til að farþegagjald samkv 13. gr. rgl. verði kr. 50 á fullorðna og kr. 25 á börn, af hverjum seldum miða.
Plast- og gúmmíbátar sem liggja við bryggju eða utaná bátum við flotbryggjurnar skulu greiða kr. 1500 pr. mánuð.
Allir bátar við básabryggju greiði sama gjald.

Að lokum var rætt um framtíðarskipulag við trébryggju og kranamál. Aðstöðu fyrir báta til að láta fjara.

Miklar umræður urðu um skeljamál og væntanlegar botnfiskkvóta og vinnslu úr honum.

Fleira ekki gert og fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.21.45.

Óli Jón Gunnarsson (sign).